



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2021

ENSK3AE05: Akademísk enska

ÁFANGALÝSING:

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að auka enn akademískan og formlegan orðaforða sem undirbúningur fyrir framhaldsnám á háskólastigi og atvinnulíf. Vandlegur lestur sérhæfðra texta ásamt viðeigandi orðaforða. Farið er yfir helstu atriði akademískrar ritunar. Hlustun á fyrirlestra og munnleg kynning verkefnis í kennslustund. Alþjóðleg stöðupróf kennt. Klassískt skáldverk lesið. Kennsla fer fram á ensku.

KENNSLUGÖGN:

Academic Reading. Spring 2019

fjölrit til sölu á skrifstofu.

Academic Vocabulary. Spring 2019

fjölrit til sölu á skrifstofu.

Animal Farm (aðgengileg á netinu)

George Orwell

Góð ensk-ensk eða ensk-íslensk orðabók eða netorðabók, td. Longman Online Dictionary Annað efni í Innu, neti eða ljósrit frá kennara.

NÁMSMAT / NÁMSKRÖFUR:

Áfanginn er án hefðbundins lokaprófs. Áfanganum er skipt í fjórar 4 vikna lotur þar sem hver vika verður helguð ákveðnu viðfangi. Hverri 4 vikna lotu lýkur síðan með prófi úr námsefninu í kennslustund. Á hverjum þessara 4 prófdaga eiga nemendur einnig skila öllum verkefnablöðum viðkomandi lotu eftir að hafa farið yfir svör frá kennara og leiðrétt að mestu leyti sjálf.

Sundurliðun lokaeinkunnar:

Lotuprófin fjögur gilda samtals **48%**.

Mappa með verkefnablöðum (Reading, Writing) gildir **(15%)**.

Próf úr Animal Farm **(12%)**.

Vinna í Academic Vocabulary heftinu sem er skilað í lok annar **(10%)**.

Ritgerð á seinni hluta annar annar gildir **(10%)**.

Hver nemandi undirbýr og kynnir munnlega efni ritgerðar fyrir kennara **(5%)**.

Sérreglur áfangans

Ætlast er til að nemendur fylgist með kennsluáætlun og tilkynningum í Innu. Ætlast er til að nemendur skili öllum verkefnum. Einkunn lækkar um 1,0 (10 %) fyrir hvern dag sem verkefnaskil dragast.

Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til. Þeir sem missa af lotuprófi eða öðrum prófum vegna leyfa eða veikinda skv. Innu fá annað tækifæri í síðustu viku annar. Aðeins verður heimilt að endurtaka eitt lotupróf. **Athugið að þessar reglur gilda líka um eldri nemendur áfangans.** Nemendur fæddir 2001 eða fyrr eiga í upphafi annar að undirrita námssamning vegna mætinga og vinnu á önninni og fara eftir honum.

Minnt er á að ritstuldur er stranglega bannaður.

MARKMIÐ: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á:

- almennum fagorðaförða á háskólastigi.
- orðstofnum, uppruna þeirra og myndun fagorða.
- helstu menningarsvæðum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða annað mál.
- alþjóðlegum matsprófum t.d. TOEFL

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja sér til gagns sérhæfða og fræðilega texta.
- að greina megininntak texta, rökfærslu og draga ályktanir.
- orðmyndun.
- að nýta sér fyrirlestra og umræður um fræðileg efni.
- að tjá sig af öryggi um ýmis málefni.
- að beita ritmálinu í mismunandi tilgangi t.d. með útdráttum, umritun, ritgerð.

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér fræðitexta og leggja gagnrýnið mat á hann.
- umrita og gera útdrátt úr fræðigreinum eða fyrirlestrum.
- geta flutt vel uppbyggða kynningu eða greinargerð, dregið fram aðalatriði og brugðist við fyrirspurnum.
- rita texta með röksemdafærslu með og á móti og hún vegin og metin.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Fjölbrautaskóla Suðurlands 6.janúar. 2021

Kennarar: Ægir Pétur Ellertsson og Magndis Huld Sigmarsdóttir